
Aukning á framleiðslu Íslenska kalkþörungafélagsins á Bíldudal Ákvörðun um matsskyldu

Inngangur

Þann 30. júní 2016 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Íslenska kalkþörungafélaginu um fyrirhugaða framleiðsluaukningu kalks í verksmiðju fyrirtækisins á Bíldudal, Vesturbyggð samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Ísafjarðarbæjar, Vesturbyggðar, Hafrannsóknarstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Íslenska kalkþörungafélagið á Bíldudal. Aukning á framleiðslu um 35.000 tonn, úr 50.000 í 85.000 tonn. Fyrirspurn um matsskyldu. Verkís 2016.

Umsagnir bárust frá :

- Ísafjarðarbæ með bréfum dags. 19. júlí og 18. ágúst 2016.
- Vesturbyggð með tölvubréfi dags. 24. ágúst 2016.
- Hafrannsóknarstofnun með bréfi dags. 24. ágúst 2016.
- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með bréfi dags. 25. júlí 2016.
- Orkustofnun með bréfi dags. 29. ágúst 2016.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 29. júlí 2016.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 27. júlí, 4., 26. og 31. ágúst 2016.

Fyrri málsmeðferð mats á umhverfisáhrifum

Í mars 2003 kvað Skipulagsstofnun upp úrskurð um mat á umhverfisáhrifum á námi allt að 57.000 m³ kalkþörungasetts á ári af fjórum svæðum á grunnsævi í Arnarfirði í allt að 50 ár á vegum Íslenska kalkþörungafélagsins. Samtals yrði efnistakan því 2.850.000 m³. Efnisnámið myndi fara fram tvisvar til þrisvar sinnum á ári með dæluskipi og setið flutt í efnisgeymslu við fyrirhugaða verksmiðju í Arnarfirði, þaðan sem efni yrði tekið til úrvinnslu eftir þörfum.

Í desember 2003 veitti Iðnaðarráðuneytið vinnsluleyfi til 30 ára en jók heimild til efnisnáms í allt að 82.500 m³ kalkþörungasetts á ári, samtals 2.475.000 m³. Umhverfisstofnun veitti í júlí 2006 starfsleyfi til að framleiða allt að 50.000 tonn af kalki á ári.

Fyrirhuguð framkvæmd

Kalkþörunganámið

Í gögnum með tilkynningu Íslenska kalkþörungafélagsins kemur fram að kalkþörunganámið fari fram á þremur af þeim fjórum svæðum í Arnarfirði sem á sínum tíma var fjallað um í mati á umhverfisáhrifum: Meðfram ströndinni suður af Bíldudal inn í Fossfjörð, í Reykjafirði og við Langanes. Bygging kalkþörungaverksmiðju á Bíldudal hafi byrjað á árinu 2005 og framleiðsla á kalki í verksmiðjunni hafist 2007. Fram til loka árs 2015 hafi efnisnám kalkþörungasetts numið rúmm



500.000 m³ og rúm 200.000 tonn af kalki framleidd. Um 2.000.000 m³ kalkþörungaseti séu því eftir miðað við gildandi vinnsluleyfi, sem renni út 2033.

Til að fullnýta vinnsluleyfið hyggist Íslenska kalkþörungafélagið auka nám kalkþörungasetis um 16.000 m³ á ári þar til vinnsluleyfi renni út, úr 82.500 í 98.500 m³ á ári. Fáist heimild til þess verði efnisnám á kalkþörungaseti á tímabilinu 2016-2033, alls um 1,7 milljón m³. Í lok leyfistíma, árið 2033, verði heildar efnisnám þó 0,3 milljónum m³ undir því magni sem gert er ráð fyrir í leyfinu.

Kalkframleiðsla

Fram kemur að Íslenska kalkþörungafélagið áformi að auka framleiðsla á kalki í verksmiðju sinni á Bíldudal um 35.000 tonn á ári, úr 50.000 í 85.000 tonn, en helstu afurðir framleiðslunnar séu steinefnafóður og jarðvegsbætifni sem nær allt sé flutt út til viðskiptavina erlendis. Núverandi mannvirki samanstandi af aðalverksmiðju, hafnarmannvirkjum og svæðum fyrir hráefni og afurðir. Áformað sé að bæta við húsnæði verksmiðjunnar og reisa skýli yfir hráefni auk þess sem útbúa eigi um 1 ha landfyllingu fyrir hráefni

Fram kemur að kalkþörungaseti sé dælt úr dæluskipi í hráefnislón við verksmiðjuna til geymslu. Þaðan sé því mokað upp á plan við verksmiðjuna og sjór látinn síga úr setinu áður en vinnsla hefjist. Efnið sé harpað og efnisagnir, stærri en 50 mm, flokkaðir frá efni sem henti framleiðslu. Efni sem flokkast frá sé notað í fyrrnefnda landfyllingu eða sent til útlanda til vinnslu en efni sem notist til kalkframleiðslu sé geymt í haugum utanhúss. Þegar vinna eigi efnið sé því mokað í innmötunarsíló fyrir þurrkara og að þurrkun lokinni flyst efnið til mölunar og flokkunar í mismunandi tegundir afurða (afurðameðhöndlun) og loks til þökkunar.

Fram kemur að fínt ryk frá þurrkara sé leitt til rykhreinsivirkis og fari fyrst í gegnum hvirfilskiljur (sýklónur) þar sem stærstu rykagnir skiljast frá loftinu. Þetta efni sé sekkjað og sent aftur í afurðameðhöndlun. Fínna ryk sé fangað í vothreinsibúnaði.

Fram kemur að markmiðið með aukinni framleiðslu sé að nýta auðlindina og framleiðslugetu verksmiðjunnar með hagkvæmari hætti en hingað til. Aukin framleiðsla sé jafnframt líkleg til að styrkja samfélag og búsetu á Bíldudal með atvinnuuppbyggingu í tengslum við nýtingu á auðlindum svæðisins.

Varp á seti í hafið

Í gögnum með tilkynningu Íslenska kalkþörungafélagsins kemur fram að Umhverfisstofnun hafi heimilað að fínefnum sem safnast upp í setlónum við verksmiðjuna sé varpað í haf við Kópanes, alls 6.000 m³ yfir þriggja ára tímabil. Þar sé straumur mikill og fínefni muni dreifast þannig að þau verði vart greinanleg á botni að fáum dögum liðnum.

Umhverfisáhrif

Í greinargerð framkvæmdaraðila er fjallað um áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á kalkþörungajarðmyndanir, ásýnd og dýralíf með áherslu á botndýralíf, nytjastofna og sjávarspendýr. Þessi atriði snúa að efnisnáminu sjálfu. Hvað varðar framleiðsluaukninguna í landi er fjallað sérstaklega um hljóðvist og loftgæði í nærumhverfi verksmiðju Íslenska kalkþörungafélagsins á Bíldudal.



Áhrif efnisnáms

Kalkþörungaset

Fram kemur að nám kalkþörungaset, sem hafi tekið þúsund ár að myndast, sé ekki sjálfbær framkvæmd. Búsvæði kalkþörunganna séu viðkvæm, þeir vaxi og endurnýjist mjög hægt og séu á lista OSPAR samningsins yfir viðkvæm búsvæði sem séu í hættu eða á undanhaldi og ástæða væri til að vernda. Því sé afar mikilvægt að umgangast þessi svæði með varúð. Fyrst um sinn hafi efnisnám skilið eftir skurði á botni en breytt aðferð við efnisnámið sem nú sé beitt fjarlægir 5-6 m af seti á vinnsluteig og skilji eftir sléttan botn. Vöktunarrannsóknir hafi sýnt fram á að efnistaka hafi ekki valdið tjóni á lifandi kalkþörungahulu utan efnistökusvæðis. Fram kemur að áhrif á kalkþörungasetið séu metin bein, óafturkræf og talsvert neikvæð, en kalkþörungunámið verði staðbundið innan afmarkaðra svæða sem dragi úr vægi áhrifa.

Umhverfisstofnun vísar í umsögn sinni í skýrslur OSPAR, um hæga endurnýjun kalkþörunganna og bein neikvæð áhrif efnistöku á kalkþörunganna vegna brottnáms þeirra og vegna sets sem kæfi kalkþörunganna nærri efnistökusvæði. Vegna þessara atriða og óvissu um áhrif umræddrar framkvæmdar telji stofnunin líkur á að framkvæmdin kunni að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Mat á umhverfisáhrifum efnistökkunnar ætti að leiða í ljós áhrif efnistökkunnar fram til þessa á kalkþörungaset á botni Arnarfjarðar. Kalkþörungunám hafi staðið yfir í það langan tíma að meta megi hvort endurheimt kalkþörunganna hafi hafist að nýju og hvort aðferð við frágang efnistökusvæða stuðli að endurheimt kalkþörunganna frekar en að hindra hana. Einnig telji stofnunin að kanna eigi hvort aukin efnistaka kalkþörunganna geti haft sammögnunaráhrif með annarri starfsemi í firðinum, sérstaklega fiskeldi þar sem sú starfsemi sé einnig talin ógna kalkþörungum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að efnistakan sem nú sé verið að fjalla um sé í meginatriðum sú sama og fjallað hafi verið um í mati á umhverfisáhrifum. Í matsskýrslu á sínum tíma hafi komið fram að áhrif á kalkþörungaset og botndýralíf á svæðinu verði mikil þar sem „námugröfturinn“ fari fram enda endurnýjun setsins mjög hægt. Fram kemur að engin sérstök óvissa sé um þann þátt. Hins vegar séu umhverfisáhrif í heild álitin lítil enda efnisnámið einungis á mjög afmörkuðu svæði. Nýjar rannsóknir á útbreiðslu kalkþörungaset á Vestfjörðum styðji þá niðurstöðu. Vegna aukinnar kalkframleiðslu verði kalkþörungasetið hins vegar sótt hraðar en nú sé, en á sömu svæði og gert hafi verið ráð fyrir í mati á umhverfisáhrifum. Þrátt fyrir framleiðsluaukningu verði heildarmagn kalkþörungaset sem numið verði af hafsbotni undir því magni sem heimilað sé samkvæmt nýtingarleyfi (áður vinnsluleyfi), eða sem nemi 0,3 milljónum m³. Einnig kemur fram í svörum Íslenska kalkþörungafélagsins að við lok efnistöku á einstökum svæðum sé alltaf skilið eftir lag af kalkþörungaseti og sléttur botn og endurbættar aðferðir við efnistöku dragi úr gryfjumyndun. Með því að slétta botninn verði hann líkari botni í næsta nágrenni sem ætlað er að auka líkur á landnámi lífvera á röskuðum svæðum. Vöktun staðfesti að áhrifa gruggmyndunar og botnfalls þess gæti ekki nema á takmörkuðu svæði utan efnistökusvæða. Engin ákvæði um frágang séu í nýtingarleyfi. Bent er á að fiskeldissvæði í Arnarfirði séu staðsett langt frá leyfðum efnistökusvæðum, nema eldissvæði Fjarðalax í Fossfirði.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er gerð athugasemd um að upplýsingar vanti um flatarmál náma sem nýtt hafa verið á efnistökusvæðum og hversu mikið hlutfall það sé af heildarflatarmáli efnistökusvæða. Einnig vanti upplýsingar um hversu djúpt í setið efnistakan hefur náð. Hlifa beri lifandi kalkþörungum sem finnast í þunnu yfirborðslagi.

Í svörum Íslenska kalkþörungafélagsins kemur fram að uppdælingarskip taki 500 m³ í ferð. Á skipinu sé hægt að fara kerfisbundið yfir áður nýtt svæði, dýpka gryfjur og slétta botn. Í hverri lotu sé dælt upp um 20.000 m³ af kalkþörungaseti sem taki um 7-10 daga. Heildarflatarmál þess svæðis sem hafi verið nýtt sé ríflega 63 hektarar á efnistökusvæðum við Langanes og Reykjafjörð. Það sé tæplega



30% þess flatarmáls sem heimilað hafi verið til efnistöku. Kalkpörungasetið sé öllu jafna á bilinu 6-10 m á þykkt og miðað sé við að skilja eftir a.m.k eins metra lag af seti á botni þegar dælingu ljúki á hverjum stað. Út frá þessu eru efnisnámur því misdjúpar. Tekið er undir að hlífa beri lifandi kalkpörungum og fram kemur að takmarkaður hluti efnistökusvæðis á Langanesgrunni hefur lifandi yfirborðslag af því tagi.

Í umsögn Ísafjarðarbæjar kemur fram að umfjöllun um mótvægisáðgerðir mætti vera skýrari en fram komi í gögnum málsins. Bent er á að kalkpörungar séu á lista OSPAR yfir viðkvæm búsvæði, sem séu í hættu eða á undanhaldi. Því þurfi að vakta áhrif efnistökkunnar á lifandi búsvæði kalkpörunga og jafnframt verði fylgst með hugsanlegum áhrifum á aðrar náttúruauðlindir og nýtingu í Arnarfirði.

Í svörum Íslenska kalkpörungafélagsins kemur fram að áhrif á kalkpörunga séu metin óafturkræf og talsvert neikvæð á efnistökusvæðum. Breyttar aðferðir við dælingu dragi úr neikvæðum áhrifum á dýralíf utan efnistökusvæða og núverandi fyrirkomulag á frágangi svæða að lokinni efnistöku flýti því að lífverur taki aftur bólfestu á aflögðum efnistökusvæðum. Vöktun hafi leitt í ljós að efnisnám hafi ekki áhrif á lífríki nema á takmörkuðu svæði utan efnistökusvæða.

Lífríki á hafsbotni

Fram kemur að kalkpörunganámið hafi áhrif á dýralíf á efnisnámusvæðunum. Góður frágangur náma (sléttur botn) dragi úr neikvæðum áhrifum og flýti því að lífverur taki sér aftur bólfestu að efnistöku lokinni. Grugg sem myndist við efnistökkuna geti jafnframt haft áhrif á viðkomu ungvíðis sem lifi á botninum við efnistökusvæðin. Niðurstöður vöktunar sýni að gruggið þynnist fljótt í sjónum og þeki ekki botninn fjær efnisnámusvæðum. Skipaferðir og flutningur kalkpörungasetsins frá námasvæði að verksmiðju geti haft áhrif á för sjávarspendýra í firðinum. Umferð og grugg muni aukast með aukinni árlegri efnistöku.

Fram kemur að rannsóknir á botndýralífi á núverandi vinnslusvæði Íslenska kalkpörungafélagsins sýni að fjölbreytni botndýrasamfélaga (vistgerða) sé mikil í Arnarfirði. Búast megi við endurteknu mynstri vistgerða um allan innanverðan Arnarfjörð með mismunandi stórum blettum af hverri vistgerð. Fjöldi skrápdýra í kalkpörungabreiðum vekir athygli og ennfremur þéttleiki einstakra skrápdýrategunda á svæðunum við Langanes og í Reykjarfirði. Tegunda- og hópasamsetning botndýra fylgi gerð undirlags annars vegar og sjávardýpis hins vegar. Mikill fjöldi vistgerða auki líkur á að samfélög byggist upp aftur að efnisnámi loknu. Námuvinnsla á setlögum kalkpörunga í Arnarfirði muni hafa staðbundin áhrif næst námusvæðum en draga muni úr áhrifum á botndýralíf er fjær dragi.

Í matsskýrslu frá árinu 2002 sé greint frá því að meginhluti gruggs sem myndist við kalkpörunganámið falli til botns á svæði innan við 50 m frá dælingarstað og muni hafa áhrif á botndýralíf en búast megi við að svipað dýralíf viðhaldist innan þess svæðis þar sem dæling sé ekki stöðug. Fram kemur að fínasti hluti gruggsins geti þó borist mun lengra frá dælingarsvæði í svíflausn en þar sem dæling standi yfir takmarkað tímabil verði langtímaáhrif gruggs á botndýralíf í Arnarfirði lítil. Gert var ráð fyrir að lífverur nemi land að nýju á námusvæðum þegar námuvinnslu ljúki og yfirborðið hafi náð eðlilegum stöðugleika miðað við aðstæður. Ekki eru taldar líkur á að fyrirhugað kalkpörunganám muni útrýma einhverjum samfélögum eða dýrategundum í Arnarfirði.

Fram kemur að aukin árleg efnistaka muni auka neikvæð áhrif á botndýralíf. Áhrifin verði staðbundin og nokkuð neikvæð og þegar horft sé til áhrifa á botndýralíf í Arnarfirði í heild sinni verði áhrifin óveruleg.

Nytjastofnar

Í matsskýrslu Íslenska kalkpörungafélagsins kemur fram að ekki liggi fyrir rannsóknir sem gefi til kynna neikvæð áhrif gruggmyndunar á fisk. Niðurstöður straummælinga sýni að dreifing sets við dælingu sé mjög staðbundin og grugg, sem myndist við efnistöku, hafi að öllum líkindum takmörkuð



áhrif til langs tíma litið. Rækjan haldi sig að mestu við botninn og í Arnarfirði megi gera ráð fyrir að efnisnám geti haft tímabundin neikvæð áhrif á rækjustofninn, sérstaklega út af Langanesgrunni. Þó árleg efnistaka muni auka eitthvað þessi áhrif séu áhrif á nytjastofna fiska talin verða staðbundin og nokkuð neikvæð, en óveruleg þegar horft sé til fjarðarins í heild sinni.

Sjávarspendýr

Fram kemur að selir og hvalir séu í Arnarfirði en ekki liggja fyrir rannsóknir sem gefi til kynna að umsvifin ógni viðkomu sela eða hvala í firðinum. Aukin umferð dæluskips að og frá svæðum kalkþörunganámsins gæti haft einhver áhrif á för sjávarspendýra í firðinum. Ekki sé álitíð að aukið efnisnám leiði til neikvæðra áhrifa á sjávarspendýr og áhrif á sjávarspendýr talin óveruleg.

Ásýnd vegna gruggmyndunar

Fram kemur að grugg sem myndist í kjölfar kalkþörunganámsins liti sjóinn tímabundið meðan á efnistöku standi. Einnig hafi kalkþörungaset sett lit á sjóinn framan við verksmiðjuna á Bíldudal. Gruggmyndun geti þannig haft áhrif á ásýnd til hafnar og til fjarðarins. Aukning í skipaferðum vegna aukins efnisnáms geti einnig haft áhrif á ásýnd til fjarðarins. Þó svo að áhrif á ásýnd aukist með auknu efnisnámi á vinnslusvæðum verði áhrifin tímabundin en nokkuð neikvæð.

Í umsögn Orkustofnunar er beðið um nánari skýringar á áhrifum uppdælingar á grugg og mögulega á ferðapjónustu.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að rannsóknir hafi farið fram á því hvernig grugg frá uppdælingarsvæðum berist við mismunandi aðstæður, strauma og veður. Þær sýni að grugg kæfir ekki lífríki á botni nema á takmörkuðu svæði utan efnistökusvæða og ljós flekkur sem myndist geti á yfirborði sjávar þynnist hratt. Engu að síður verði reynt að dæla utan hásumartíma og utan þess tíma þegar helst er von ferðamanna á svæðinu. Verði af stækkun lóðar, eins og áformað er, verður einfaldara að safna efni á lager og óþarft að dæla setinu upp að sumri til. Í vöktunarskýrslum frá Kalkþörungafélaginu kemur fram, að botn umhverfis efnistökuholur og skurði er ekki hulinn seti frá efnistöku.

Áhrif framleiðsluaukningar

Í greinargerð Íslenska kalkþörungafélagsins kemur fram að íbúar á Bíldudal hafi kvartað yfir hávaða frá verksmiðju félagsins. Fylgst hafi verið með hljóðstigi innan verksmiðjunnar, á lóð hennar og á völdum stöðum á Bíldudal. Hávaði hafi mælst undir starfsleyfismörkum og viðmiðunargildum reglugerðar um hávaða, með fáum undantekningum. Á stilludögum magnist upp hljóð frá verksmiðjunni og hugsanlega upplifi íbúar í þorpinu aukinn hávaða þess vegna. Fram kemur að nýr vothreinsibúnaður hafi dregið úr hljóðmengun. Gert sé ráð fyrir að framleiðsluaukning muni ekki auka hávaða þó svo að framleiðsludögum fjölgi. Áhrif á hljóðvist séu í heild talin óveruleg.

Fram kemur að almennt sé það fínefnainnihald og rakastig hráefnisins sem ráði rykmengun frá verksmiðjunni. Breytingar á framleiðslu hafi miðað að því að fjarlægja fínefni og þurrka hráefni fyrir vinnslu. Unnið sé að því að ná enn frekari árangri á þessu sviði og þar með draga úr álagi vegna rykmengunar til muna. Nýr hreinsibúnaður verksmiðjunnar hafi sannað sig og ef hann komist í fulla virkni muni hann draga úr rykmengun frá því sem nú sé. Áhrif framleiðsluaukningar á loftgæði eru metin talsvert neikvæð, en með endurbótum á framleiðsluferlinu verði áhrif í heild talin óveruleg.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða eru gerðar athugasemdir við ryk- og hljóðmengun frá starfsemi. Vísað er til óánægju bæjarbúa sem kvartað hafi til Umhverfisstofnunar. Ef verði af framleiðsluaukningunni telur Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða að meta þurfi sérstaklega útbreiðslu og magn kalkryks í mismunandi fjarlægð frá verksmiðjunni og teikna hljóðmynd fyrir áhrifasvæði hennar.



Í svörum Íslenska kalkpörungafélagsins kemur fram að rykmengun hafi mælst yfir mörkum en það ástand sé ekki viðvarandi. Nýr og fullkominn rykhreinsibúnaður hafi verið tekinn í gagnid í janúar 2016 sem þegar hafi skilað góðum árangri. Vonir séu bundnar við enn meiri árangur þegar hann verði kominn í fulla virkni. Fram kemur að verið sé að skoða búnað sem auki tíðni mælinga á ryki sem muni gefa betri yfirsýn og stytta viðbragðstíma. Viðræður séu í gangi við sveitarfélagið um breytingar m.a. varðandi geymslu á hráefni og síubúnað sem muni draga enn frekar úr rykmengun. Þá kemur fram að fyrirtækið muni skoða hvort hægt sé að kortleggja rykmengun í mismunandi fjarlægð frá uppsprettu.

Samkvæmt mælingum Íslenska kalkpörungafélagsins er hávaði innan starfsleyfismarka. Það að hávaði frá verksmiðjunni valdi íbúum óþægindum sé sérstakt úrlausnarefni, en unnið sé jöfnum höndum að hávaðavörnum. Fram kemur að fyrirtækið muni láta teikna hljóðmynd fyrir áhrifasvæði verksmiðjunnar. Ef áform um framleiðsluaukningu gangi eftir muni félagið endurskoða mengunarmælingar og vöktunaráætlun í samvinnu við þar til bær yfirvöld.

Í umsógn Vesturbyggðar er bent á þversögn varðandi það að nýtt rykhreinsivirki hafi gefið góðan árangur þó virkni þess hafi ekki verið fullnýtt vegna vatnsskorts. Samkvæmt eftirlitsskýrslum Umhverfisstofnunar hafi Íslenska kalkpörungafélagið ekki náð nægum tókum á hreinsun útblásturs og leggur sveitarfélagið þunga áherslu á að útblástur verði innan marka útgefins leyfis sem og að hávaði sé í samræmi við ákvæði reglugerðar um hávaða.

Í svörum framkvæmdaraðila er tekið undir ábendingu Vesturbyggðar um að orðalag er ónákvæmt í ofangreindum köflum. Ætlunin var að segja að búnaðurinn hafi nú þegar dregið úr rykmengun auk þess sem hljóðstig hafi lækkað. Vonir séu bundnar við enn betri árangur þegar búnaðurinn hafi náð fullri virkni.

Fram kemur að það sé markmið Íslenska kalkpörungafélagsins að uppfylla kröfur um mengunarvarnir með öllum mögulegum ráðum. Ráðist hafi verið í endurbætur á búnaði og engu til sparað. Kvartanir íbúa eru virtar og við þeim brugðist með úrbótum eins og kostur er. Íslenska Kalkpörungafélagið hefur meðal annars óskað eftir samstarfi við yfirvöld við að greina kvartanir og leita lausna. Félagið sé að skoða búnað sem eykur tíðni mælinga á ryki, sem muni hafa í för með sér bættu yfirsýn og viðbragðsflýti.

Skipulag og leyfisveitingar

Framkvæmdir eru í samræmi við gildandi skipulag á svæðinu. Skipulagsstofnun vekur athygli á að nýtt starfsleyfi þarf fyrir Íslenska kalkpörungafélagið ehf., frá Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Nýtt starfsleyfi þarf vegna aukins umfangs starfseminnar sbr. lið 1.2. í núgildandi starfsleyfi.

Nýtt nýtingarleyfi þarf frá Orkustofnun þar sem fyrirhugað árlegt efnistökmagn er meira en gert er ráð fyrir í gildandi nýtingarleyfi.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Um er að ræða áform um aukningu kalkframleiðslu Íslenska kalkpörungafélagsins ehf. um 35.000 tonn á ári, úr 50.000 í 85.000 tonn. Félagið hefur nýtingarleyfi til efnisnáms í Arnarfirði fyrir allt að 82.500 m³ á ári til 30 ára, en fram til þessa hefur árleg efnistaka verið undir því magni. Til að fullnýta nýtingarleyfið hyggst Íslenska kalkpörungafélagið auka nám kalkpörungasetts um 16.000 m³ á ári þar til vinnsluleyfi renni út, úr 82.500 í 98.500 m³ á ári. Við lok nýtingarleyfis verður heildarefnistakan þó innan þeirra marka sem leyfið veitir, sem nemur um 2.500.000 m³ á tímabilinu



2003-2033. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Efnisnám af hafsbotni

Við ákvörðun um það hvort framkvæmd sem er tilkynningarskyld samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 skuli háð umhverfismati skal Skipulagsstofnun taka mið af viðmiðum sem tilgreind eru í 2. viðauka laganna, en þau varða eðli og staðsetningu framkvæmdarinnar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar. Hér að neðan er tekin saman niðurstaða stofnunarinnar um fyrirhugað áframhaldandi efnisnám kalkþörungum í Arnarfirði og aukningu á kalkframleiðslu, byggt á framlögðum gögnum framkvæmdaraðila, framkomnum umsögnum og frekari upplýsingum framkvæmdaraðila.

Árið 2003 fjallaði Skipulagsstofnun um mati á umhverfisáhrifum efnistöku á allt að 57.000 m³ af kalkþörungaseti á ári í Arnarfirði til 50 ára eða heildarefnistöku sem næmi allt að 2.800.000 m³. Í úrskurði stofnunarinnar var fallist á framkvæmdina og hún ekki talin hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Ljóst er að fyrirhugað aukið nám kalkþörungasetts verður innan þess heildarmagns kalkþörungasetts sem fjallað var um í úrskurðinum.

Fyrir liggur að við efnisnámið er ekki verið að nýta náttúruauðlind á sjálfbæran hátt þar sem endurnýjun kalkþörungum er mjög hæg og búsvæði sem þörungarnir skapa er viðkvæmt. Í mati á umhverfisáhrifum á sínum tíma lágu þessi atriði fyrir en talið var að óvissa væri um hvaða áhrif dreifing fínafna vegna efnistökkunnar hefði á lifandi kalkþörungum og botndýralíf sem þrífst innan þeirra. Vöktun í tengslum við efnistöku á vegum Íslenska kalkþörungafélagsins hefur leitt í ljós að fínafni af völdum vinnslunnar sest á sjávarbotn næst námusvæðum, og er dreifing þess því takmörkuð. Ofangreind óvissa er því minni en áður og líklegt að takmörkuð áhrif séu á botndýralíf og kalkþörungum utan efnistökusvæða. Þá hefur komið fram í meðferð málsins að lifandi kalkþörungur eru á litlum hluta Langanesgrunns sem er eitt efnistökusvæðanna.

Ef horft er til viðmiða um staðsetningu, verndarákvæða og álagspóls náttúrunnar þá er ljóst að kalkþörungur eru á lista OSPAR samningsins, sem Ísland er aðili að, um viðkvæm búsvæði sem eru í hættu eða á undanhaldi og ástæða er til að vernda. Hafsvæði sem varða OSPAR samninginn er skipt í fimm undirsvæði. Á einu þeirra eru búsvæði kalkþörungum í því ástandi að OSPAR hvetur aðildarríki til að grípa til verndaraðgerða, en ekki er talin ástæða til þess hér á landi¹. Samkvæmt framlögðum gögnum framkvæmdaraðila, er heildarmagn kalkþörungasetts í Arnarfirði um 21.500.000 m³ en leyfilegt kalkþörungunám til ársins 2033 er í heild 2.500.000 m³. Efnistakan er jafnframt takmörkuð þannig að grafið er niður í 6-10 m þykkt kalkþörungasetið innan hvers vinnslureits sem hver um sig er u.þ.b. 500x500 m að stærð, þar til einn metri af seti er eftir. Þannig eru reitirnir unnir einn af öðrum. Telur Skipulagsstofnun að þannig verði minnst röskun á lifandi kalkþörungum og búsvæðum sem þeir skapi fyrir botndýr og þetta fyrirkomulag sé í samræmi við álit Hafrannsóknastofnunar á sínum tíma um að mikilvægt sé að vinnslan raski sem minnst yfirborði kalkþörungasvæða.

Skipulagsstofnun telur jafnframt að í samræmi við umsögn Hafrannsóknastofnunar um fyrirhuguð áform að skemmri vinnslutími og meira efnismagn árlega en gert hafi verið ráð fyrir í mati á umhverfisáhrifum árið 2003 muni ekki leiða til þess að áhrif efnisnámsins verði annars eðlis eða meiri en fjallað var um í fyrrnefndu matsferli. Einnig að ekkert hafi komið fram við meðferð málsins sem breyti fyrri niðurstöðu stofnunarinnar um líkleg umhverfisáhrif. Því telur Skipulagsstofnun að fyrirhugað aukið kalkþörungunám sé ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

¹ OSPAR 14/21/1, Annex 18, 5 bls.: <http://www.ospar.org/documents?d=33014>



Framleiðsluaukning á landi

Líta ber til aukins umfangs á framleiðslu á kalki í verksmiðju ÍK á Bíldudal og því álagi sem fylgir auknu umfangi. Ljóst er að þar er um framleiðsluaukningu allt að 35.000 tonnum að ræða, úr 50.000 tonnum í 85.000 tonn miðað við fyrri áform.

Ef horft er til áhrifa framleiðsluaukningar m.t.t. viðmiða í 2. viðauka er ljóst að hvað varðar eðli framkvæmdar þá þarf einkum að horfa til úrgangsmýndunar, mengunar og ónæðis í því sambandi. Ef horft er til staðsetningar verksmiðjunnar er ljóst að hún er í þéttbýli í Bíldudal og að rykmengun frá verksmiðjunni hefur ítrekað farið yfir viðmiðunarmörk skv. starfsleyfi. Ef horft er til umfangs þá er ljóst að fyrirhuguð er veruleg framleiðsluaukning á kalki. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða kemur fram að endurteknar kvartanir hafi borist frá íbúum á Bíldudal vegna hávaða og ryks frá verksmiðjunni. Í svörum framkvæmdaraðila var bent á að mæliniðurstöður styðji ekki að það ástand sem lýst sé í umsögn eftirlitsins sé viðvarandi og að rykmengun hafi ekki aukist með aukinni framleiðslu vegna mótvægisáðgerða. Þar megi nefna rykhreinsibúnað sem nýlega var tekinn í notkun og hafi skilað góðum árangri. Framkvæmdaraðili muni, með vísan í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, láta útbúa hljóðstigskort fyrir áhrifasvæði verksmiðjunnar ef áform um framleiðsluaukningu ganga eftir sem og endurskoða mengunarmælingar og vöktunaráætlun í samvinnu við þar til bær yfirvöld.

Sé litið til fyrrnefndra kvartana sem skráðar hafa verið hjá Umhverfisstofnun, bæði hvað varðar hávaða og rykmengun, þá virðist ýmsu hafa verið ábótavant á fyrstu árum verksmiðjunnar. Í starfsleyfi verksmiðjunnar eru settar ákveðnar kröfur hvað varðar hávaða og rykmengun. Hvað hávaða varðar þá hefur verið fylgst með þeim þætti bæði í sjálfri verksmiðjunni á Bíldudal. Mælingar sýna að hljóðstig er að jafnaði undir viðmiðunarmörkum starfsleyfis þó undantekningar hafi verið á því. Hvað rykmengun varðar þá hefur það verið stærra vandamál. Endurteknar mælingar hafa sýnt rykmagn nokkuð yfir starfsleyfismörkum þó þær mælingar bendi til að ástandið sé ekki viðvarandi. Kalkryk getur hins vegar verið ertandi eins og Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða bendir á í umsögn sinni og því alvarlegt ef ekki næst að halda rykmagni við vinnsluna undir þeim viðmiðunarmörkun sem getið er um í starfsleyfi fyrirtækisins.

Fyrirtækið hefur fest kaup á nýjum hreinsibúnaði og ráðist í aðrar aðgerðir til þess að draga úr rykmengun. Skipulagsstofnun bendir þó á að hreinsibúnaður hefur ekki náð fullri virkni og ennþá er það einungis mat rekstraraðila að magn ryks fari undir þau viðmið sem sett eru í starfsleyfinu þegar búnaðurinn nær fullum afköstum. Með verulega aukinni framleiðslu kemur aukið álag á hreinsikerfi verksmiðjunnar og því brýnt að ná tökum á útblæstri og rykmengun sem vinnslunni fylgir áður en frekari framleiðsluaukning er leyfð. Stofnunin bendir á að tryggja þarf að áætlun um vöktun og viðbrögð við niðurstöðum liggja fyrir við leyfisveitingar og að viðeigandi skilyrði séu sett í leyfi þar um.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framleiðsluaukning Íslenska kalkþörungafélagsins á Bíldudal sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika, hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Íslenska kalkþörungafélagið og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 19. desember 2016.



Reykjavík, 18. nóvember 2016

Hólmfríður Bjarnadóttir

Ómar Ingþórsson